



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst – 23. ágúst 2023

Væri hægt að ná stjórnarskrármálinu upp úr skotgröfunum?

Já, svo segir lærdómur frá Írlandi í nýútkominni bók

Þáttökulýðræði hefur víða rutt sér til rúms og er nú oftlega viðhaft til hliðar við hið hefðbundna fulltrúalýðræði. Almennir borgarar kallaðir til rökræðu og ákvarðanatöku um álitafni sem síður fæst skorið úr með aðferðum hefðbundinna stjórnmála.

Borgaraþing eru á meðal tækja sem brúkuð hafa verið í þá veru og fjöldi slíkra hefur verið nýttur við stjórnlagagerð.

Stjórnlagaserlið hérlendis á árunum 2010 til 2013 var ein metnaðarfullsta tilraunin í þá veru að laða almenna borgara til þátttöku við stjórnarskrágerð. Og jafnvel þótt frumvarp Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá hafi steytt á skeri innanlandsátaka hefur íslenska ferlið orðið að fyrirmynd álíka borgaraþinga víða um veröld.

Ég hef verið svo lánsamur að fá að taka þátt í undirbúningi sumra þeirra, eftir að hafa setið í Stjórnlagaráði. Árangurríkast er án efa röð írskra stjórnlagapinga sem í nokkrum lotum hafa leitt til umtalsverðra breytinga á írsku stjórnarskránni.

Eftir að starfi Stjórnlagaráðs lauk var ég fenginn til ráðgjafar í tengslum við írsku stjórnlagaserlið en þarlendir vildu gjarnan læra af reynslu annarra. Í ljósi þess að íslenska ferlið steytti á skeri en það írsku sigldi stolt í höfn er ekki úr vegi að snúa lærdómsstefnunni við og skoða hvort að við gætum nú lært af Írum.

Í nýrri bók, sem um þessar mundir kemur út hjá fræðibókarisanum Routledge undir titlinum [Deliberative Constitution-making: Opportunities and Challenges](#), geri ég einmitt til raun til þess. Í bókinni má finna safn greina eftir fjölda fræðimanna í Evrópu sem undanfarin ár hafa rýnt í ýmsa þætti borgarlýðræðis. Í bókinni ber ég saman íslenska og írsku ferlið í einum kaflanum: [Lessons from two island nations: Re-reading the Icelandic deliberative constitutional process in light of the success of the Irish Constitutional Convention](#). Kaflann má finna í opnum aðgangi undir hlekknum hér að framan.

Meginmunurinn á löndunum tveimur var sá að á meðan kosið var inn á íslenska stjórnlagabingið í almennri kosningu (sem síðar breyttist í stjórnlagaráð) nýttu Írar slembival úr þjóðskrá. Að auki sátu valdir þingmenn á írsku þinginu með almennu borgurunum á stjórnlagabinginu. Sextíu og sex almennir borgarar voru boðaðir til fundar með 33 þingmönnum og svo var utanaðkomandi formaður valinn til þess að stýra þinginu ásamt teymi sérfræðinga og starfsmanna.

Í framangreindri bók dreg ég nokkra lærdóma af írsku stjórnlagabinginu sem nota mætti til þess að toga íslenska ferlið upp úr skotgröfum flokksátaka.

Tilagan er eftirfarandi:

Boðað verði til nýs borgarabings á Íslandi til að ljúka ferlinu sem hófst árið 2010.

Stjórnarskrárfurvarp stjórnlagaráðs, með síðari breytingum eftir meðferð Alþingis, verði lagt fyrir hið nýja stjórnlagabing.

Hið nýja stjórnlagabing rökræðir furvarpið og viðbætur við það, kallar eftir álitum sérfræðinga og hefur fullt sjálfðæmi við að endurskoða það frá grunni.

Nýja stjórnlagabingið samstandi af 66 fulltrúum auk formanns. Stjórnmalaflokkarnir á Alþingi skipa 22 fulltrúa en 44 verða slembivaldir úr þjóðskrá.

Stjórnmalaflokkar á Alþingi koma sér saman um óháðan utanaðkomandi formann stjórnlagabingsins. Formanni verði falið að manna þingið viðeigandi stuðningsskrifstofu og ráðgjöf sérfræðinga, svo sem á sviði lögfræði, stjórnsýslu, stjórnmalum, sögu og mannréttinda.

Stjórnlagabingið komi saman yfir helgi einu sinni í mánuði í sex mánuði — semsé sex helgar í allt.

Í samræmi við gildandi stjórnarskrá legg ég að lokum til eftirfarandi fullgildingarferli:

1. Náist fram heildstæð tilaga kýs stjórnlagabigið um hana.
2. Verði hún samþykkt er drögum vísað til Alþingis til staðfestingar.
3. Samþykki Alþingi furvarpið fari það í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða alþingiskosningum.

4. Samþykki meirihluti kjósenda áformin kemur það í hlut nýkjörins Alþings að staðfesta hina nýju stjórnarskrá – sem þá þegar hefur verið samþykkt á Stjórnlagabingi, fyrra Alþingi og í þjóðaratkvæðagreiðslu.